
Stefna Transition Labs og Akraneskaupstaðar um loftslagsgarð

Mars 2023

STPL
lead

Útgáfa	Breytingar	Staðfest af	Dags.
1.0	Ný stefna	Stjórn Transition Labs	xx.xx.2023
		Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar	xx.xx.2023

Lea SFB

1 Inngangur

Loftslagsgarður er samfélag fyrirtækja sem flokkast sem græn loftslagsfyrirtæki. Þetta geta ýmist verið fyrirtæki sem vinna með beinum hætti að föngun og förgun kolefnis úr andrúmslofti eða sjó, eða nútímaleg græn framleiðslufyrirtæki sem leysa af hólmi eldri og mengandi virðiskeðjur og hafa þannig jákvæð áhrif í loftslagsbaráttunni. Kjöraðstæður eru á Íslandi fyrir ýmis konar loftslagsverkefni. Staðsetning loftslagsgarðs á Akranesi er í Garðaflóa (Flói 2).

2 Markmið og gildissvið

Markmið Akraneskaupstaðar og Transition Labs með loftslagsgarði er að í Garðaflóa verði samsetning fyrirtækja með þeim hætti að þau geti samnýtt grunninnviði jafnvel þótt þau starfi sjálfstætt. Jafnframt er stefnt að því að fyrirtækin nýti sem best affall og hliðarafurðir hvert frá öðru og geti átt samvinnu á ýmsum sviðum. Að því sögðu þá er stefnan að byggja ekki eiginlegan hringrásargarð heldur það sem má kalla samlífi loftslagsfyrirtækja.

Um er að ræða atvinnuskapandi, grænan iðnað þar sem aðgangur að endurnýjanlegri orku skiptir höfuðmáli. Umhverfisáhrif af starfsemi á svæðinu skulu vera minniháttar. Henni skal hvorki fylgja loftmengun né úrgangur annar en sá sem almennur getur talist. Jarðrask verði ekki meira en það sem almennt fylgir nýjum byggingarframkvæmdum.

Loftslagsgarður getur á ýmsan hátt tengst grænum iðngörðum í Flóahverfi og garðarnir notið nálægðar hvor við annan vegna margskonar sameiginlegra mála og samlegðaráhrifa.

Höfuðatriðið er að Akraneskaupstaður verði framúrskarandi fyrirmynd í loftslagsmálum. Samhliða því er mikilvægt að geta boðið fyrirtækjum upp á aðlaðandi umhverfi og aðstoð við umbætur í umhverfismálum sem bæta samkeppnishæfni þeirra. Auk þess er eftirsóknarvert að auka sjálfbærni sveitarfélagsins á atvinnusviðinu með því að skapa vettvang fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi í heimabyggð. Að lokum þá eru margþætt og spennandi atvinnutengd tækifæri fyrir fólk sem geta skapast með loftslagsgarði, bein störf og afleidd, auk þess sem grundvöllur til þekkingarmiðlunar getur orðið til og leitt af sér enn frekari verðmætasköpun og tækifæri.

Stefna Akraneskaupstaðar og Transition Labs um loftslagsgarð gildir fyrir fyrirtæki með aðstöðu á loftslagsgarði í Garðaflóa á Akranesi. Með því að starfa í loftslagsgarðinum eða hafa fengið úthlutað þar lóð gangast viðkomandi aðilar sjálfkrafa við því að starfa samkvæmt stefnu Transition Labs og Akraneskaupstaðar um loftslagsgarð sem er í gildi hverju sinni.

3 Eignarhald, endurskoðun og birting stefnu

Stefna þessi er samþykkt af stjórn Transition Labs og bæjarstjórn Akraneskaupstaðar og eru bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og framkvæmdastjóri Transition Labs eigendur hennar. Stefnuna skal endurskoða eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti. Allar breytingar á stefnunni skulu samþykktar af stjórn Transition Labs og bæjarstjórn.

Stefnan skal birt á www.akranes.is og www.300akranes.is.

4 Hlutverk og ábyrgð

4.1.1 Bæjarstjóri

Bæjarstjóri Akraneskaupstaðar og framkvæmdastjóri Transition Labs eru eigendur stefnunnar og bera ábyrgð á að viðeigandi endurskoðun stefnunnar eigi sér stað.

4.1.2 Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs hjá Akraneskaupstað

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar hjá Akraneskaupstað og að gæta að því að reglur og verklag sé í samræmi við stefnuna og að viðeigandi starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

4.1.3 Yfirmaður rekstrar hjá Transition Labs

Yfirmaður rekstrar hjá Transition Labs ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar og að gæta að því að reglur og verklag sé í samræmi við stefnuna og að viðeigandi starfsmenn séu upplýstir um efni hennar.

4.1.4 Samvinnu- og eftirlitsnefnd

Sérstök Samvinnu- og eftirlitsnefnd loftslagsgarðs er skipuð þremur starfsmönnum, tveimur frá Transition Labs og einum frá Akraneskaupstað tilnefndum til tveggja ára af bæjarstjóra sem hafa nauðsynlega og viðeigandi þekkingu á málefnum og skipulagi loftslagsgarðsins. Nefndin ber ábyrgð á að fylgjast með að uppbygging í loftslagsgarðinum sé í takt við stefnu og aðrar reglur sem gilda á hverjum tíma, á upplýsingaöflun og úrvinnslu beiðna sem tengjast garðinum og aðilum þar, ásamt því að viðhalda góðu samstarfi við aðila sem hafa gert samkomulag við Transition Labs og Akraneskaupstað um uppbyggingu í garðinum. Nefndin ber jafnframt ábyrgð á að upplýsa bæjarráð og stjórn Transition Labs eftir þörfum um mál tengd loftslagsgarðinum og uppbyggingu þar. Upplýsingar um hvaða starfsmenn Transition Labs og Akraneskaupstaðar eru í samvinnu- og eftirlitsnefnd loftslagsgarðsins verður að finna á vefsíðunni www.300akranes.is undir sérstökum vefhluta sem bera mun heitið Garðaflóa.

5 Loftslagsgarður í Garðaflóa

Fyrirhugað skipulagssvæði er í efri hluta Garðaflóa norðan þjóðvegjar milli athafnasvæðis í Flóahverfi og Lönguása, sem er Klapparholt sem liggur í stefnu suð-vestur/norðaustur. Syðst á svæðinu næst þjóðvegi er Klapparholtskelda. Garðaflóa var ræstur fram og ræktaður fyrir miðja 20. öld. Svæðið er ekki nytjað lengur nema sem beitarhólf. Framræsluskurðir eru um allt svæðið en með hnignun þeirra tekur deiglendi og hugsanlega votlendi við með tímanum.

Svæðið hefur verið kannað m.t.t. jarðvegsdýptar og jarðvatnsstöðu. Niðurstöður verða nýttar við skipulag svæðisins og hönnun blágrænna ofanvatnslausna. Í fornleifaskrá Akraness frá 1999 eru engar fornminjar skráðar á því svæði sem til skoðunar er. Ekki sjást vísbendingar um fornminjar á loftmyndum. Svæðið verður kannað m.t.t. fornminja í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012 áður en deiliskipulag verður afgreitt.

Miðað er við að svæðið muni tengjast Akrafjallsvegi (stofnvegi) með nýjum gatnamótum. Einnig getur svæðið tengst innra gatnakerfi Flóahverfis vestan þess.

Garðaflóa er í u.þ.b. 35 mínútna akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og um 75 mínútna akstursfjarlægð frá alþjóðflugvelli. Svæðið er vel staðsett með tilliti til aðgangs að hafnaraðstöðu, stutt er í hafnir bæði á Akranesi og við Grundartanga. Þá má bæta því við að Flóahverfi er ekki á virku jarðskjálftasvæði. Þá er á svæðinu ekki talin stafa hættu af snjóflóðum, aurflóðum eða annarri náttúruvá og hitastig er frekar stöðugt. Staðsetningin hefur þannig ýmsa kosti sem koma sér vel þegar unnið er að grænum loftslagsverkefnum, markmiðum hringrásakerfis og minnkun kolefnisspors.

5.1 Deiliskipulag Garðaflóa

Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu en er í vinnslu hjá Akraneskaupstað. Í nýju deiliskipulagi verður gerð grein fyrir landnotkun, lóðaskipulagi, byggingarreitum og byggingarmagni, skilmálum um gæði bygginga, hæð þeirra og form ef ástæða er til, gatnakerfi og bílastæðamál. Einnig verður gerð grein fyrir veitukerfum og aðlögun byggðar og landbreytinga að staðháttum þar sem um er að ræða framræst votlendi með hárra jarðvatnsstöðu.

Stefnt er að því að á athafnasvæðinu verði loftslagsgarður sem samræmist vel þeirri hugmyndafræði sem unnið er eftir í grænum iðngörðum eins og gert er ráð fyrir í deiliskipulagi Flóahverfis vestan skipulagssvæðisins. Miðað verður við að öll atvinnusvæði norðan þjóðveggar myndi stórt samfélag grænna iðngarða.

Í fráveitukerfi Flóahverfis er stuðst við s.k. blágrænar ofanvatnslausnir eftir því sem hægt er. Stefnt er að því að viðhafa sömu nálgun á nýju skipulagssvæði í Garðaflóa jafnvel þannig að saman geti farið fráveitulausnir fyrir ofanvatn og mótun og viðhald votlendis.

Skipulagssvæðið verður vel tengt núverandi byggð á Akranesi með göngu- og hjólastígum. Auk þeirra verður gert ráð fyrir útivistarstígum milli atvinnusvæðanna. Bein tenging við þjóðveg tryggir góðar samgöngur og auðvelda aðkomu að höfn.

6 Samkomulag um uppbyggingu á loftslagsgarðinum

Akraneskaupstaður hefur gert samkomulag við Transition Labs ehf. um úthlutun allra lóða sem verða útbúnar innan loftslagsgarðsins, eða um 51 hektara, til félagsins. Transition Labs stefnir að uppbyggingu í garðinum með loftslagsverkefnum sem félagið er að vinna að með ýmsum aðilum.



Akraneskaupstaður

Fylgiskjal III með samkomulagi um útlutun lóða í Garðaflóa (Flói 2)

Lýsing á starfsemi

Transition Labs hefur gert samkomulag við Akraneskaupstað um að fá frátekið allt svæði Garðaflóa sem og allar lóðir í Garðaflóa (Flóa 2), eða um 51 hektara lands, í ákveðinn tíma. Þetta svæði verður byggt upp sem loftslagsgarður, svipað og hugmyndafræði um græna iðngarða í Flóahverfi (Flói 1) vestan skipulagssvæðisins, þó með ákveðnum áherslumun. Miðað verður við að öll atvinnusvæði norðan þjóðveggar myndi þannig stórt samfélag grænna iðngarða.

Transition Labs er íslenskt einkafyrirtæki sem vinnur með fjölda erlendra loftslagsfyrirtækja með það að markmiði að byggja þau upp á stórum skala á Íslandi og með þá framtíðarsýn að uppbygging hér verði fyrirmynd að uppbyggingu fyrirtækjanna í kjölfarið víðar um heim. Transition Labs starfar á Íslandi m.a. þar sem eru kjöraðstæður fyrir ýmis konar loftslagsverkefni. Möguleg samstarfsfyrirtæki, sem Transition Labs á í samtölum við, eru að vinna á ólíkum tímálinum og samstarfið misvel þroskað. Það verður því heilmikið þúsl að láta þyrpingu loftslagsfyrirtækja ganga upp og ljóst að Transition Labs þarf svigrúm til áætlanagerðar, útfærslu, kynningar og sölustarfs, svo og samningagerðar. Því hafa Akraneskaupstaður og Transition Labs gert með sér samkomulag um einkarétt Transition Labs til uppbyggingar á svæðinu til 1.6.2026 og samstarfi við Akraneskaupstað um skipulag svæðisins.

Transition Labs er einungis rétt rúmlega árs gamalt félag og fjölmörg spennandi erlend fyrirtæki eru þegar áhugasöm um samstarf við félagið. Framtíðarsýn Transition Labs er sú að í Garðaflóa geti félagið fengið tækifæri til að byggja þyrpingu fyrirtækja sem flokkast sem græn loftslagsfyrirtæki. Þetta geta ýmist verið fyrirtæki sem vinna með beinum hætti að föngun og förgun kolefnis úr andrúmslofti eða sjó, eða nútímaleg græn framleiðslufyrirtæki sem leysa af hólmi skítugar virðisdeðjur og hafa þannig jákvæð áhrif í loftslagsbaráttunni.

Akraneskaupstaður þekkir vel til fyrirtæksins Running Tide sem hefur hafið starfsemi á Breiðinni og á Grundartanga, en Transition Labs var milligönguaðili um að fyrirtækið kæmi á svæðið. Jafnframt hefur Transition Labs komið með erlent fyrirtæki í heimsókn síðsumars 2022 og þá voru skoðaðir sérstaklega uppbyggingarmöguleikar í Garðaflóa. Auk þessara fyrirtækja hefur

(Kao)
SFL



Akraneskaupstaður

Transition Labs hafið samstarf um fjögur önnur verkefni sem félagið vonast til að segja frá opinberlega á næstu mánuðum.

Þá þyrpingu sem Transition Labs sér fyrir sér að byggja upp í Garðaflóa mætti kalla loftslagsgarð og gæti hann tengst þeim græna iðngarði sem er þegar í uppbyggingu í Flóahverfi og notið nálægðar við hann. Markmiðið er m.a. að púsla fyrirtækjum saman á Garðaflóasvæðinu með þeim hætti að þau samnýti grunninnviði jafnvel þótt þau starfi sjálfstætt. Jafnframt er stefnt að því að fyrirtækin nýti sem best affall og hliðarafurðir hvert frá öðru og geti átt samvinnu á ýmsum sviðum. Að því sögðu þá er stefnan að byggja ekki eiginlegan hringrásargarð heldur það sem má kalla samlífi loftslagsfyrirtækja.

Um er að ræða atvinnuskapandi grænan iðnað þar sem aðgangur að endurnýjanlegri orku skiptir höfuðmáli. Aðgangur að orkutengipunkti þarf því að vera tryggður. Orkuþörf í fyrsta áfanga er á bilinu 10-15 MW en framtíðarsýn er um starfsemi sem þyrfti aðgang að 100-150 MW af uppsettu afli. Um er að ræða stórar byggingar sem byggðar verða í nokkrum áföngum. Stærð lóða í fyrsta áfanga (4-5 ár) þarf að vera allt að 100.000 m² (10 ha) en þar af færu 70.000 m² (7 ha) undir byggingar. Framtíðarsýn er svo fyrir alls fimmfaldri stækkun sem yrði í áföngum (eftir 5-10 ár). Lögð verður áhersla á að byggingar falli vel að umhverfi sínu. Umhverfisáhrif af starfseminni eru minniháttar. Henni fylgir hvorki loftmengun né úrgangur annar en það sem almennur getur talist. Jarðrask yrði ekki meira en það sem almennt fylgir nýjum byggingarframkvæmdum.

Starfsemin í fyrsta áfanga skapar tugi spennandi starfa og mögulega mun fleiri í síðari áföngum fyrir fólk með sérfræðiþekkingu á ýmsum sviðum, s.s. starfsfólk í framleiðslu, tæknifólk, stjórnendur og vísindafólk m.a. á sviði náttúruvísinda. Auk þess má búast við aðflutningi erlendra sérfræðinga á svæðið til skamms eða lengri tíma sem skapar tækifæri til frekari þekkingarmiðlunar á svæðinu sem leitt getur til enn frekari verðmætasköpunar og tækifæra. Búast má við aukinni umferð um svæðið á meðan á framkvæmdum stendur auk reglulegra vöruflutninga til og frá svæðinu eftir að starfsemi hefst.

Loftslagsgarður í Garðaflóa gefur Transition Labs möguleika að vinna með bestu alþjóðlegu lausnirnar á sviði loftslagsmála og hjálpar þeim að skala eins hratt og mögulegt er. Með því að starfa á Íslandi í Garðaflóa á Akranesi getur Transition Labs uppfyllt stefnu sína að búa til kjöraðstæður fyrir ýmiss konar loftlagsverkefni, auk þess að nýta reynslu og tengsl á Íslandi til að vinna hratt og örugglega.

KO
SFU



Akraneskaupstaður

Transition Labs sinnir öllu því sem þarf að huga að þegar verkefni er komið á fót, svo sem að:

- Stofna fyrirtæki á réttu formi og halda utan um rétta skattlagningu á innfluttan búnað og aðföng og útflutta vöru eða þjónustu, svo sem kolefniseiningar (e. carbon credits).
- Finna sem besta staðsetningu með rými til vaxtar í framtíðinni.
- Hjálpa til við samninga og að tryggja nauðsynlegar auðlindir og aðföng.
- Halda utan um samskipti við lykilhagsmunaaðila hérlendis.
- Kortleggja og sækja um öll nauðsynleg leyfi.
- Tryggja fjármögnun verkefnisins þegar við á.
- Finna og semja við bestu verkfræðistofurnar, verktakana og þjónustuaðilana fyrir hvert verkefni fyrir sig.
- Styðja við umsóknir um styrki og aðrar ívilnanir til fjárfestinga.
- Ráða starfsfólk í upphafi og sækja um atvinnuleyfi þegar við á.

Í gegnum verkefni sín vinnur Transition Labs með leiðandi loftlagsfjárfestum og gerir þeim kleift að auka verðmæti og tækifæri fjárfestinga alþjóðlegra sjóða s.s.:

- Microsoft
- BlackRock
- Pollination
- Breakthrough Energy
- Refactor
- Pale blue dot
- Lowercarbon Capital
- Vreksfonden
- 2150
- Additional Ventures
- 50°
- Voyager
- Extantia
- Collaborative
- Proman
- Systemiq capital

Með loftslagsgarðinum í Garðaflóa getur Transition Labs látið hlutina gerast hratt því hver glötuð stund gerir loftlagsvána enn verri.

STP
KOS